

**REGLUGERÐ****um afnám línuveiðibanns í Faxaflóa.**

## 1. gr.

Frá og með 3. apríl 1992 er felld úr gildi reglugerð nr. 98, 9. mars 1992, um bann við línuveiðum á Búðagrunni.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 2. apríl 1992.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*

9. mars 1992

Nr. 119

**AUGLÝSING**

**um breytingu á gjaldskrá nr. 600/1989 fyrir heilbrigðiseftirlit  
Norðurlandssvæðis vestra með síðari breytingu.**

## 1. gr.

## 4. gr. hljóði svo:

Fyrir ný rekstrarleyfi og leyfi til skemmri tíma, skv. 9. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 1 725
2. flokkur	kr. 1 725
3. flokkur	kr. 3 120
4. flokkur	kr. 6 209
5. flokkur	kr. 9 308
6. flokkur	kr. 12 418

## 2. gr.

## 5. gr. hljóði svo:

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tl. 2. gr. laga nr. 81/1988, sbr. 5. gr. sömu laga, skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 2 583
2. flokkur	kr. 5 165
3. flokkur	kr. 10 331
4. flokkur	kr. 20 661
5. flokkur	kr. 42 387
6. flokkur	kr. 61 983

## 3. gr.

## 6. gr. hljóði svo:

Fyrir hvert vottorð, umsögn eða eiturbeiðni, sem heilbrigðiseftirlitið lætur í té, greiðast kr. 1 300. Tímakaup vegna þjónustuverkefna skal vera 1 600,00 kr.